

dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1870¹, um móttöku rentuklippinga-skuldabréfa, til þess að fá nýja rentuklippinga, og um það hvernig þeim verði skilað aptur. 1872.
7. nóvbr.

Um leið og þetta verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það landfógeta, og gjörið þér ráðstafanir, sem með þarf, skal þess getið, að fjárhagsstjórnin hefir í hyggju að útbyta meðal þeirra manna á Íslandi, sem í höndum hafa skuldabréf með rentuklippingum, sem eigi verður sagt upp, um leið og vextir verða borgaðir úr jarðabókarsjóðnum 11. júní 1873, áskorun, sem prentuð er bæði á Íslenzku og Dönsku, til þeirra, sem í hlut eiga, að þeir sjálfkrafa sendi til fjárhagsstjórnarinnar skuldabréf sín, til þess þau verði rituð í innskriptarbók, eða skipti höfð á þeim fyrir rentuklippinga-skuldabréf. Eptir beiðni tæðs stjórnarráðs skorum vèr á yður, að þér vilið sjá um, að upphæðir þeirra konunglegu skuldabréfa, sem tilheyra sjóðum þeim og stofnunum, sem standa undir yðar stjórn, verði tekin upp í innskriptarbækur fjárhagsstjórnarinnar, og að þér vilið styðja að því, að hið sama smátt og smátt verði gjört, að því leyti er snertir stofnanir í yðar umdæmi, sem eigi beinlínis standa undir yðar stjórn.

112. Reglugjörð um framkvæmdir á auglýsingunni af 26. septbr. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, útgefin af aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn og stiptamtmanninum yfir Íslandi, samkvæmt auglýsingarinnar 18. grein, þann 6. og 24. nóvbr. 1872. 24. nóvbr.

1: grein.

Meðal íslenzkra og danskra pósthúsa skal skiptast bæði bréfa- og sendinga - skrá á, nefnilega:

¹) Tíð. um stjórnarmálefni Íslands, III., 94.

1872.

24. nóvbr.

milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur

— — — — — Vestmannaeyja

— — — — — Djúpavogs

að því leyti gufuskipið kemur við á seinastnefndum stað.

Enn fremur skal bréfaskrár skiptast á milli þeirra staða, sem privat skip sigla á milli, þegar bréf verða með þeim send.

2. grein.

Þeir, er senda póstsendingar, geta heimtað að hleypiseðill verði út gefinn uppá þær sendingar, sem ábyrgð er á, þegar grunur er um, að þær hafi ekki komizt til skila.

Sá er hleypiseðil heimtar, svarar burðargjaldi sem fyrir einfalt bréf.

Komi það upp, að yfirsjón hjá póstaðgreiðslunni hafi gefið tilefni til að hleypiseðill var heimtaður, skal burðargjaldi skilað aptur. Endursending hleypiseðla er ávallt frígeng sem póstmálefni.

3. grein.

Þegar senda verður bréf á eptir meðtökumanni, af því hann hefir skipt um verustað, skulu þessar reglur gilda:

- a. ef bréf er sent á eptir meðtökumanni í það póstumdæmi, sem bræfið átti að lenda í, leggst ekki frekara burðargjald á það fyrir eptirsendingu þess;
- b. eigi skal heldur frekara burðargjald krafð fyrir eptirsendingu frá einu póstumdæmi til hins;
- c. útlent burðargjald leggst á bréf fyrir eptirsendingu.

4. grein.

Órétt afgreiðd bréf skal, þegar því verður við komið, tafarlaust afgreiða til hins rétta ákvörðunarstaðar, hvar þá verður að heimta það burðargjald, sem út hefið komið með rætti afgreiðslu.

5. grein.

Bréfasendingar, sem á ákvörðunarstaðnum af einhverri

ástæðu hafa ekki getað komizt til skila, skal endursenda frá báðum hliðum, þegar álíta má að þeim verði ekki komið til skila.

1872.

24. nóvbr.

Ástæðuna fyrir þessu skal rita á bréfið.

Sè innsigli skaddað, þarf ekki að taka við endursendu bréfi, nema svo sè, að það hafi óréttilega verið afhent manni með sama nafni og brotið upp af honum.

Þegar á póstsendingum stendur: „*poste restante*“, skal þær ekki endursenda fyrri enn að 3 mánuðum liðnum frá því þær komu.

Þegar bréf, sem ekki hafa komizt til skila, verða endursend, fellur ekkert burðargjald á þau. Hafi þau verið gjörð frí-geng þar, sem þau voru send af stað, verður ekkert fyrir að borga. En hafi þau verið send af stað óborguð, kostar endursendingin það burðargjald, sem á þeim stóð við áframsendingu þeirra.

6. grein.

Bréf þau, sem látin eru í bræfadósir skipanna, eru háð því burðargjaldi, sem ákveðið er í auglýsingunni (26. septbr. 1872).

Frímerki þau, sem límd eru á þvílík bréf, hvort heldur dönsk eða íslenzk, skal ónýta á pósthúsinu þar, sem skip kemur, og reikna, þá er meta skal burðargjald fyrir bréfin.

7. grein.

Þær sérstaklegu ákvarðanir um afhendingu bréfa, sem fara eiga gegnum hið danska póstumdæmi samkvæmt 20. gr. auglýsingarinnar, finnast í meðfylgjandi töflu.

8. grein.

Póstávisunum milli hins danska og íslenska póstumdæmis, skal skiptast á einungis milli bréfpóst-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og póstskrifstofunnar í Reykjavík á þann hátt, er hér segir:

1872.

24. nóvbr.

Nefndar pótskrifstofur gefa út uppteiknanir eptir meðfylgjandi sýnishorni, og setja á þær framhaldandi nr. að ofan.

Póstávisanirnar skal rita á eyðublöð eptir meðfylgjandi sýnishorni, leggja þær ásamt uppteiknuninni yfir þær í böggli meðal bréfa þeirra, er póstlistanum fylgja og mælt er með. Þarnæst verða þær borgaðar út á ákvörðunarstaðnum.

9. grein.

Bögglasendingar, sem annaðhvort endursendast af því þær gátu ekki komizt til skila, eða sendast á eptir meðtökumanni, af því hann hefir breytt verustað sínum, skal fara með og meta eins og látnar hefði verið á póstin að nýju á þeim stað, hvaðan þær sendast tilbaka eða áfram.

Áður en sending fer tilbaka sem óafgreidd til fráfararstaðarins, skal pósthúsið á tilkomustaðnum gefa út tilkynningu um, að hún hafi ekki til skila komizt, til þess pósthúss, hvaðan sending kom, og lýsa henni nákvæmlega og þeim er sendi, ef nafn hans eða stimpill stendur á tilvísunarbréfinu. Pósthúsið á fráfararstaðnum skal þarnæst strax spyrjast fyrir hjá þeim, er sendi, hvort hana skuli endursenda, eða hversu með hana skuli fara. Sömu aðferð skal við hafa um „*poste restante*“-sendingar, þegar þær eru ekki sóktar.

Pósthúsinu á tilkomustaðnum ber að gæta þess, að reynt verði til að selja þær sendingar á réttum tíma, sem hætt er við skemmdum.

Hrökkvi ekki andvirði sendinganna fyrir áföllnum kostnaði, hleypur það, sem á brestur, uppá hlutadeigandi póstsjóð.

Ef óskað er að koma sendingu frá Íslandi gegnum Danmörku til annara landa fullborgaðri, og pósthúsið á fráfararstaðnum ekki veit burðargjaldið til ákvörðunarstaðarins, skal sendingunni fylgja frígengis-skýrteini, hvarí sá, er sendir, skuldbindur sig til að borga fullt burðargjald. Á þetta frígengis-skýrteini verður þá burðargjaldið ritað á böggla- pótskrifstofunni í Kaupmannahöfn, frígengis-skýrteinið sent til baka, og burðar-

gjaldið lagt á póstskrifstofuna í Reykjavík. Af frígengis-skýrteininu borgast ekkert burðargjald.

1872.
24. nóvbr.

10. grein.

Á utanáskriptarflöt allra bræfa og tilvísunarbræfa frá báðum póstumdæmunum skal setja stimpil fráfararstaðarins og dagsetningu.

Á brèf, sem ekki eru fullborguð, skal setja stimpilinn: „ónóg borgað“.

Sendingar, sem með er mælt, fá stimpilinn: „mælt með“.

Sendingar, sem fara frá Íslandi gegnum Danmörk til annara landa og fullborgaðar eru, fá stimpilinn: „*franco*“.

11. grein.

Til brèfaskráa skal hafa meðfylgjandi sýnishorn.

Brèfaskrár skal rita eins og skipting þeirra sýnir.

Nú er óborgað burðargjald á bréfum, sem koma gegnum Danmörku frá öðrum löndum, og skal þá útlent burðargjald og hið dansk-íslenska burðargjald, sem hið íslenska pósthús á að krefja, setja með stórum greinilegum rauðkrítar-tölustöfum á útskriptarflöt brèfsins í einni upphæð.

Á sama hátt skal burðargjaldið tilgreina á óborguðum bréfum, sem fara milli Danmerkur og Íslands.

Hin útlenda og sameiginlega dansk-íslenska borgun fyrir borguð brèf frá Íslandi til útlanda, er fara gegnum Danmörku, skal rituð með litlum rauðum tölustöfum á neðra vinstra hornið á utanáskriptarflieti brèfsins í einni upphæð.

Óborguð brèf til útlanda og borguð brèf frá útlöndum fá enga áteiknun um burðargjald eða borgun.

Burðargjald það, sem, ef til vill, fellur á eptirsend brèf, eða einnig, ef til vill, á sendingar, sem senda skal til baka, af því þeim hefir eigi orðið komið til skila, skal rita með stórum greinilegum rauðkrítar-tölustöfum þvers um á utanáskriptarflöt brèfsins.

Öll brèf, sem yfirstíga einfalda vikt, skal póstskrifstofa sú,

1872.

24. nóvbr.

er þau sendir, merkja í efra vinstra horni utanáskriptar-flatarins með blárri tölu, er sýni, hversu margfalt burðargjald skal fyrir þau krefja, þegar þau verða afhent.

Sendingar, sem með er mælt, skal færa með nafni og ákvörðunarstað á bréfaskrána.

Hafi sá, er bréf sendir, heimtað meðtöku-skýrteini frá meðtökumanni, skal þess geta með athugasemdinni: „*Recepisse*“.

Bréfaskrár sendast að eins í einu lagi.

Sè ekkert að senda, skal auð bréfaskrá þó látin fara.

Af því, sem í dálkana er fært, skal taka afskrípt.

Tölur þær, sem færðar eru í dálkana, skal færa á burtsendingar registur eptir meðfylgjandi sýnishorni.

Þegar bréf skal pakka saman, skal þeim þannig skipað í flokka:

- a. bréf, sem með er mælt, póstávisanir, hleypiseðlar, póstmálefni;
- b. dansk-íslensk bréf;
- c. umfarandi bréf;
- d. krossbönd og sýnishorn af vörum;
- e. órétt afgreidd, eptirsend, tilbakasend bréf.

Það, sem nefnt er undir a, skal vefja í umbúðapappír, forsigla og skrifa útaná: „mælt með“.

Hin önnur bréf er nægilegt að binda saman í böggla.

Alla böggla skal láta í bréfapoka, sem merktur er nöfnum fráfarar- og tilkomustaðarins, og skal hann síðan innsigla með póstinnsiglinu.

12. grein.

Undir bögglapósts-bréfaskrárnar skal við hafa bögglapósts-bréfaskrár þær, er meðfylgjandi sýnishorn gefur.

Allt það, er bögglapósti kemur við, skal á bréfaskrá færa hvað fyrir sig með utanáskript, fráfarar- og tilkomustað, tegund, merki og vikt. Sè sending peningavirði, skal verðsins einnig getið. Prentuðu dálkana á sýnishorninu skal fylla út samkvæmt yfirskrípt þeirra.

Burðargjaldið skal rita á peningabréfin eða á tilvísunarbréf þau, er sendingarnar fylgja, eins og gjört er við bréfa-póstinn.

Peninga- og tilvísunarbréfin skal binda ásamt bréfaskránni í einn böggul, er ásamt minni peningasendingum og öðrum smábögglum skal láta annaðhvort í böggla-póstpoka með 2 póstinnsiglum fyrir, eða í læsta kistu, sem þar að auki fær hengilás fyrir sig. Umbúðir böggla skulu merktar nöfnum fráfarar og ákvörðunarstaðarins. Sè enga böggla að senda, skal þó auða bréfaskrá út gefa.

Bögglapóstlistarnir skulu, eins og bréfapóstlistarnir, vera að eins í einu lagi (*in simplo*). Afskript af þeim skal þó haldið til baka.

Tölur póstlistanna skal taka upp í burtsendingarregistur eptir meðfylgjandi sýnishorni.

13. grein.

Yfir bréfapoka, kistur, lausa böggla, peninga og peninga virði, sem sent er með póstgufuskipinu, skal gefa út stykkjaseðil í tvennu lagi til sérhvers af ákvörðunarstöðum skipsins, eptir með fylgjandi sýnishorni, og skal annar seðillinn fylgja skipinu, en hinum skila kvittuðum aptur. Afhendingin fer fram eptir stykkjaseðlunum þannig, að sá, er á móti tekur, gætir að, hvort það, er hann tekur við, sè í góðu standi, sérstaklega að innsiglin á pokunum sè ósködduð, og skal þarnæst kvitta á stykkjaseðilinn. Þegar afhending þannig hefir átt sèr stað, er ábyrgðin komin yfir á meðtakanda. Á sama hátt á afhending stað í gagnstæða stefnu frá skipinu til þess, er við pósti tekur fyrir hönd póstmálanna.

Í Reykjavík skal skipið fyrst um sinn annast flutning póstsins til pósthússins og frá því.

Vanti sending, eða sè hún skemmd, verður það strax að sanna, ef á þarf að halda með bóklegri rannsókn, og skal því pósthúsi, er sendi, í apturleið póstsins gjört aðvart um það fyrir

1872. póstvísbendingu undir „meðmælum“, og þarhjá senda hina bók-
24. nóvbr. legu rannsókn í afskrípt, hafi hún átt sér stað.

Bögglapóst-pokann og böggul meðmælabræfanna skal opna með vitnum og innihaldið eins sanna ef kostur er á.

Sè þessara reglna ekki gætt, verður, unz annað sannast, álitid, að hið meðtakandi pósthús hafi tekið við öllum sendingun-um í góðu standi.

14. grein.

Breytingar þær í bréfaskránni, sem, ef til vill, verða gjörð- ar við rannsókn póstsendinganna, skulu gjörðar með bláu eða rauðu bleki á þann hátt, að það, sem áður var ritað, samt verði lesið. Við breytinguna skal stuttlega geta ástæðunnar til hennar.

Þarnæst skal ávallt, þegar breyting hefir verið gjörð, senda póstvísbending undir meðmælum eptir meðfylgjandi sýnishorni til baka með næsta pósti á það pósthús, sem gaf út póstlistann. Þegar stærri afbrigði koma fyrir, skal sá póstpjónn, er kallaður var sem vitni að rannsókninni, einnig undirskrifa póstvísbending-una. Pósthús það, er hana fær til baka, gjörir þá — ef það viðurkennir aðfinninguna — nauðsynlega breytingu í burtsend- ingar-registrinu, setur á póstvísbendinguna: „viðurkennd“ með dagsetningu og undirskript og endursendir hana pósthúsi því, er sendi hana út. Hin viðurkennda póstvísbending verður síðan fylgiskjal með hlutaðeigandi póstlista.

15. grein.

Bréfaskrár, póstávísana-uppteikningar og bögglapóstlistann frá Danmörku, sendir hið íslenska pósthús, ef kostur er á, með sama pósti til baka til endurskoðunar-skrifstofunnar undir aðalrúskurð- arvaldi reikninga póstmálefna í Kaupmannahöfn, er eptir þeim semur nauðsynlegan afreikning yfir kröfur þær, er önnur lönd hafa uppá burðargjald, helminginn af borguninni fyrir pósta- vísanir og hið íslenska auka-burðargjald af bögglum, og verður af- reikningur þessi með tilhlýðilegum fylgiskjöllum þarnæst, ef kostur

er á, með næsta pósti sendur landshöfðingjanum til rannsóknar.

1872.
24. nóvbr.

Það, sem milli kann að bera, kemur til leiðréttingar í næsta afreikningi.

16. grein.

Reglugjörð þessi kemur í gildi og verður í gildi um sama tíma sem ákvarðanir auglýsingarinnar 26. septbr. 1872.

Rétta þýðing staðfestir

Hilmar Finsen.

113. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á jarðarafgjaldi. 26. nóvbr.

Í bræfi, dagsettu 13. águstm. p. á., hafið þér, herra stiptamtadur, samkvæmt bænarskrá hlutaðeiganda umboðsmanns lagt til, að gefa megí upp landsetanum á ¹s parti af jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Friðfinni Sigurðssyni, jarðarafgjaldið frá fardögum 1872 til fardaga 1874, þar með talin leiga til Mikjálsmessu s. á, sem endurgjald fyrir það, að hann hafi orðið að flytja húsin á óhultari stað sökum áfalla af sandfoki.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að gefa megí tæðum landseta upp tveggja ára landskuld og leigu, eins og stungið var uppá.